

Mættir: Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólalastjóri Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Halla Björg Björnsdóttir fltr. starfsfólks, Guðrún Yrsa Richter og Hrefna Marín Sigurðardóttir fltr. foreldra.

Starfsáætlun skólaráðs 2021- 2022

Drög að starfsáætlun skólaráðs samþykkt með fyrirvara um að mögulega kæmu upp mál sem þyrfti að bæta inn á dagskrána. Ákveðið að funda á þriðjudögum kl. 08:00, einn fundur í mánuði. Skóli ákveður dagsetningar og sendir út.

Starfsáætlun Flataskóla 2021-2022

Farið yfir athugasemdir sem bárust og rætt um námsmat um leið. Lögð áhersla á mikilvægi skýrleika og að foreldrar þurfi að hafa góðar upplýsingar um hvað liggur að baki því sem metið er. Foreldrar vilja vita hver staða barna þeirra er í náminu og þeim virðist þeirri upplýsingagjöf hafa farið aftur. Mikilvægi námsmatsmappa rætt, það að þær fari heim skipti miklu máli fyrir foreldra. Það þarf að bæta kaflann um námsmatsmöppur í starfsáætluninni svo það sé á hreinu að skólinn hefur ekki hætt með þær, en í þær fara valin verkefni og sýnishorn en ekki eingöngu próf og kannanir. Þarf einnig að fylgja eftir innanhúss svo kennarar vinni með samræmdum hætti.

Foreldri lýsti efsemdum sínum um það námsmat sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir eða hvernig það hefur verið útfært. Telur það ekki skýrt og ekki samræmt heldur séu allir að finna upp hjólið. Flataskóli er að stíga sín fyrstu skref í að breyta hjá sér námsmati til samræmis við hugmyndafræði aðalnámskrár. Hugmyndafræðin felur það í sér að gera nemendur meðvitaðri um eigið nám og meiri þátttakendur í því, að námsmarkmið og viðmið um árangur séu skýr og að nemendur fái markvissa endurgjöf í ferlinu um það hvernig þeir geta bætt sig. Hæfnikortin í mentor verða notuð til að halda utan um framvindu nemenda í námi er litlar upplýsingar eru komnar inn á þau enn. Lokamat verður svo gefið miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir á hæfnikortum nemenda við lok 4. bekkjar og við lok 7. bekkjar.

Farið yfir athugasemd varðandi upplýsingar um hópaskiptingar. Útskýrt fyrir foreldrum hvers vegna dregið hefur verið úr því að upplýsa foreldra fyrirfram um fyrirhugaðar breytingar á hópum. Kennarar hafa upplifað álag af fjölbreyttum óskum sem berast frá foreldrum vegna hópaskiptinga.

Bent á að sú þögn sem nú ríkir sé samt ekki góð og að það þurfi að taka heiðarlegt samtal um það hvernig upplýsingagjöfinni þarf að vera háttað.

Tekið fram að foreldrar upp til hópa eru ánægðir með það fyrirkomulag að blanda árgöngum saman á fjölbreyttan hátt, ýti undir betri félagsleg samskipti fyrir heildina.

Skólinn getur bætt upplýsingagjöf varðandi þetta án þess að pressa frá foreldrum um að hafa áhrif á hópaskiptingar verði of mikil. Þurfum að bæta kaflann í starfsáætlun/skólanámskrá um þessa framkvæmd.

Önnur mál

- Foreldrar geta athugasemd við að námsefni fái ekki að fara heim, t.d. um helgar.
- Það þarf að stilla píanó og flygil skólans
- Væri hægt að hafa námskeið í Mentor fyrir foreldra?
- Það þarf að senda lesfímiviðmiðin heim á blaði líka því í Mentor sést bara talan en ekki súluritin sem sjást á útprentinu og gefa gleggri mynd.
- Það þarf að bæta myndavélar í kringum skólann svo hægt sé að sjá hver er að verki t.d. ef fiktað er í hjólum nemenda sem er stórhættulegt.